

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita  
Ellisif Bjarnadóttir  
Dalbraut 12  
840 LAUGARVATN

Garðabær, 14. apríl 2023  
Málsnúmer: 202303-0015  
LA

## Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Hvanngiljahöll, Ásahreppi

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita, dags. 6. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna auglýsingar á deiliskipulagi fyrir Hvanngiljahöll í Ásahreppi.

Á staðnum eru tveir skálar; gistiskáli og hesthús, auk gerðis fyrir hross. Mannvirki eru nýtt sem gangnamannahús og fyrir útivistarfólk, t.d. göngu- og hestahópa. Hvanngiljahöll er fjallasel samkvæmt landsskipulagsstefnu. Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess að heimila byggingu nýrra skála í stað þeirra sem fyrir eru. Gisting getur verið fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir að núverandi aðkoma leggist af og gerð verði ný aðkoma. Skipulagssvæðið er um 4,9 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032, en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði AF5 og svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV4.

Náttúrufræðisvæðisins við Hvanngiljahöll er fjölbreytt. Berggrunnur og jarðgrunnur er nokkuð vel kortlagður í tengslum við virkjanaframkvæmdir, og eins eru til gróður- og vistgerðakort af svæðinu. Vestan við fjallaselið eru stórir mélatíglar í jökulruðningi og rétt sunnan við fyrirhugað vatnsból eru ummerki eftir gamalt rústasvæði. Innan svæðisins eru kaldar lindir. Þá fellur svæðið undir skilgreiningar um óbyggð víðerni.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er gert ráð fyrir að unnið verði að mati á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á miðhálandinu, þar sem meðal annars verði lagðar til grundvallar niðurstöður verkefnis sem Skipulagsstofnun vann á árunum 2016-2018, *Mannvirki á miðhálandinu* (Skipulagsstofnun, 2018). Tilgangur verkefnisins var að fá heildstæða yfirsýn yfir núverandi húsakost og þjónustuframboð á miðhálandinu sem er nauðsynleg forsenda til frekari stefnumótunar um skipulagsmál á miðhálandinu, svo sem greiningar víðerna, mats á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja og nánari stefnu um vegakerfi miðhálandisins (Skipulagsstofnun, 2018). Í verkefni Skipulagsstofnunar (2018) er talið að náðst hafi gott yfirlit yfir mannvirki á miðhálandi Íslands og samtals voru skráð 4.675 gistirúm samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum 2018, og eflaust hefur þeim fjölgað síðan.

Í Landskipulagsstefnu er jafnframt gert ráð fyrir að uppbygging ferðamannaádstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og að megin áhersla verði á uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum miðhálandisins og á afmörkuðum svæðum í nánd við aðalvegi á miðhálandinu (Skipulagsstofnun, 2018).

Óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum 60/2013 eftirfarandi:



*Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.*

Í 3. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) um verndarmarkmið kemur skýrt fram að standa á vörð um óbyggð víðerni landsins og í 46 gr. um friðlýsingu óbyggðra víðerna stendur:

*\_ Friðlýsa má sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.*

*\_ Friðlýsingin skal miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, vísýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.*

Náttúrufræðistofnun telur ljóst að uppbygging ferðaþjónustu við Hvangiljahöll og nýr aðkomuvegur að svæðinu munu valda raski á svæðinu og rýra víðerni.

- Rask verður á viðkvæmu gróðurlendi á hálendi landsins vegna uppbyggingar
- Nýr aðkomuvegur er ekki sýndur nema að hluta til á vegabekju Landmælinga Íslands. Á loftmyndum má greina slóða. Ekki er æskilegt að leggja nýja vegi yfir viðkvæmt gróðurlendi. Gera þarf betur grein fyrir aðkomuvegi og því raski sem hann veldur.
- Gera þarf betur grein fyrir framkvæmdum við vatnsból og raski vegna lagna að mannvirkjum.
- Ekki er fjallað um skerðingu á víðerni sem vissulega verður vegna aukinnar uppbyggingar innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur mikilvægt að fyrir liggi heildstætt mat um þörfina fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirka og stefnu um vegakerfi á miðhálendi Íslands, eins og fram kemur í Landsskipulagsstefnu. Þá þarf að standa vörð um óbyggð víðerni í samræmi við náttúruverndarlög.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur  
Svið Náttúruverndar

Heimild:

Skipulagsstofnun, 2018. Mannvirki á miðhálendinu. Framfylgdarverkefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Skipulagsstofnun, ágúst 2018. 80 bls.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. [www.althingi.is/lagas/149a/2013060.html](http://www.althingi.is/lagas/149a/2013060.html) [skoðað 14.4.2023]

